

## ÁKVÖRDUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

2008/EES/76/39

frá 24. október 2005

um að koma á fót hópi sérfræðinga um rafræn viðskipti(\*)

(2005/752/EB)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Innan ramma tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2000/31/EB frá 8. júní 2000 um tiltekna lagalega þætti þjónustu, einkum rafrænna viðskipta, í tengslum við upplýsingasamfélagið á innri markaðnum (tilskipun um rafræn viðskipti)<sup>(1)</sup>, var þess farið á leit við aðildarríkin að þau tilnefndu einn eða fleiri innlenda tengiliði til að efla samvinnu við önnur aðildarríki (2. mgr. 19. gr. tilskipunarinnar).
- 2) Í sjöunda kafla fyrstu skýrslu um beitingu tilskipunar 2000/31/EB um rafræn viðskipti (COM(2003) 702, lokaútgáfa frá 21. nóvember 2003) var gefið til kynna að framkvæmdastjórnin myndi nú „einbeita sér að því að tryggja snurðulausa samvinnu í raun á sviði stjórnsýslu og stöðug upplýsingaskipti milli framkvæmdastjórnarinnar og aðildarríkjanna sjálfra“.
- 3) Enn fremur er gagnlegt að gefa aðildarríkjunum möguleika á því að ræða vandamál við beitingu tilskipunarinnar um rafræn viðskipti og ný mál sem koma upp á sviði rafrænna viðskipta. Einnig er mikilvægt að hvetja til og greiða fyrir samvinnu milli þeirra og framkvæmdastjórnarinnar. Sérfræðingahópurinn mun því mynda gagnlegan vettvang til að skiptast á skoðunum um framkvæmd og beitingu tilskipunarinnar, þ.m.t. upplýsingar um siðareglur sem neytenda- og fagsamtök semja, siðareglur fyrir auglýsingar lögverndaðra starfsgreina á Netinu, innlenda dómaframkvæmd, einkum með tilliti til ákvæða um bótaábyrgð, nýja þróun, sem um getur í 21. gr. tilskipunarinnar, eins og bótaábyrgð þeirra sem setja inn tengla og veita leitarvélþjónustu ásamt aðferðum til að fjarlægja ólöglegt innihald svo og til að ræða mögulegt umfang síðari matsskýrslna um beitingu tilskipunarinnar um rafræn viðskipti.

- 4) Í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2006/2004 frá 27. október 2004 um samvinnu milli innlendra yfirvalda sem bera ábyrgð á framkvæmd laga um neytendavernd (reglugerð um samvinnu um neytendavernd)<sup>(2)</sup> er komið á neti opinberra yfirvalda sem bera ábyrgð á að vernda efnahagslega hagsmuni neytenda, samræma að hluta rannsóknar- og framkvæmdaheimildir sínar og kveða á um fyrirkomulag gagnkvæmrar aðstoðar. Ákvæði tilskipunar 2000/31/EB sem kveða á um vernd efnahagslegra hagsmuna neytenda falla undir reglugerðina. Rétt er að nefndin, sem komið var á fót til að hrinda í framkvæmd reglugerð (EB) nr. 2006/2004, upplýsi sérfræðingahópinn um rafræn viðskipti reglulega um þá starfsemi sína sem kann að varða þá síðarnefndu.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Stofnaður er sérfræðingahópur um rafræn viðskipti (hér á eftir nefndur hópurinn).

2. gr.

**Hlutverk**

Framkvæmdastjórnin getur leitað til hópsins með allar spurningar sem varða tilskipunina um rafræn viðskipti. Þetta varðar m.a. eftirfarandi:

- samvinnu á sviði stjórnsýslu í tengslum við málsmeðferðina í 4. til 6. mgr. 3. gr. um takmörkun frelsis tiltekens veitanda þjónustu í upplýsingasamfélaginu til að veita þjónustu,
- upplýsingar um siðareglur sem atvinnugreina-, fag- og neytendasamtök eða -stofnanir hafa samið á vettvangi Bandalagsins og ætlað er að stuðla að því að 5. til 15. gr. tilskipunarinnar (16. gr. tilskipunarinnar) komi til framkvæmda á réttan hátt,
- siðareglur varðandi auglýsingar lögverndaðra starfsgreina (8. gr. tilskipunarinnar) á Netinu,
- innlenda dómaframkvæmd, einkum sem tengist ákvæðum um bótaábyrgð, þ.m.t. ákvarðanir sem teknar eru við laus deilumála utan dómstóla (17. gr. og 5. mgr. 19. gr. tilskipunarinnar),

(\*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 282, 26.10.2005, bls. 20. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 120/2006 frá 22. september 2006 um breytingu á XI. viðauka (Fjarskiptaþjónusta) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 60, 30.11.2006, p. 35.

(1) Stjtið. EB L 178, 17.7.2000, bls. 1.

(2) Stjtið. ESB L 364, 9.12.2004, bls. 1.

- svið sem falla, eins og sakir standa, utan gildissviðs þess þáttar tilskipunarinnar þar sem fjallað er um bótaábyrgð en sem um getur í 21. gr., t.d.: „aðferðir til að fjarlægja ólöglegt innihald“, tenglar og leitarvélar,
- umfang síðari matsskýrslna um beitingu tilskipunarinnar um rafræn viðskipti (21. gr. tilskipunarinnar).

Formaður hópsins getur lagt til að framkvæmdastjórnin hafi samráð við hópinn um öll tengd mál.

Mál sem varða samvinnu á sviði stjórnsýslu og falla einnig undir gildissvið reglugerðar (EB) nr. 2006/2004 varðandi ákvæði tilskipunar 2000/31/EB sem vernda hagsmuni neytenda skulu einnig hljóta umfjöllun nefndarinnar sem komið var á fót til að hrinda í framkvæmd reglugerð (EB) nr. 2006/2004. Síðarnefndi aðilinn skal reglulega veita sérfræðingahópnum upplýsingar.

3. gr.

#### Samsetning – tilnefning

1. Þátttakendur hópsins skulu vera innlendir tengiliðir, sem eru tilnefndir skv. 2. mgr. 19. gr. tilskipunarinnar um rafræn viðskipti (einn þátttakandi fyrir hvert aðildarríki), og fulltrúar framkvæmdastjórnarinnar.
2. Fjöldi þátttakenda hópsins skal samsvara fjölda aðildarríkja Evrópubandalagsins og fulltrúa framkvæmdastjórnarinnar.
3. Þátttakendurnir skulu starfa þar til aðrir koma í þeirra stað eða þar til umboði þeirra lýkur.
4. Aðrir þátttakendur geta komið í stað þeirra sem eru ekki lengur færir um að leggja sitt af mörkum til hópsins á skilvirkan hátt, þeirra sem segja af sér eða virða ekki skilyrðin, sem tilgreind eru í 1. mgr. 3. gr. eða 287. gr. sáttmálans, í þann tíma sem eftir er af umboði þeirra.

4. gr.

#### Starfsemi

Fulltrúi framkvæmdastjórnarinnar skal vera formaður hópsins.

Hópnum er heimilt, í samráði við framkvæmdastjórnina, að koma á fót starfshópum til að rannsaka sérstök málefni fái hann til þess umboð. Starfshóparnir skulu leystir upp um leið og þeir ljúka þeim verkefnum sem umboðið tekur til.

Framkvæmdastjórninni er heimilt að bjóða sérfræðingum og áheyrnarfulltrúum, sem búa yfir sértækri þekkingu, að taka þátt í starfi hópsins og/eða starfshópanna.

Ekki er heimilt að miðla upplýsingum, sem aflað er meðan á starfi hópsins eða undirhópa stendur, ef framkvæmdastjórnin er þeirrar skoðunar að þær séu trúnaðarmál.

Sérfræðingahópurinn um rafræn viðskipti setur sér starfsreglur á grundvelli fyrirmyndar sem framkvæmdastjórnin hefur samþykkt (III. viðauki við SEC(2005) 1004).

5. gr.

#### Fundir

Hópurinn og undirhóparnir skulu að öllu jöfnu hittast í húsnæði framkvæmdastjórnarinnar og skal framkvæmdastjórnin ákveða samsetningu hópanna og tímasetningu fundanna.

Framkvæmdastjórnin skal sjá hópnum fyrir skrifstofu. Áhugasömu starfsfólki framkvæmdastjórnarinnar er heimilt að vera viðstatt fundi hópsins og starfshópanna og er heimilt að taka þátt í umræðum.

Framkvæmdastjórninni er heimilt að birta á Netinu, á frummáli skjalsins sem um ræðir, hverja þá ályktun, samantekt, hluta af ályktun eða vinnuskjal sem tengist hópnum eða starfshópum hans.

6. gr.

#### Kostnaður vegna fundarhalds

Framkvæmdastjórnin skal endurgreiða ferða- og dvalarkostnað vegna útgjalda þátttakenda hópsins, áheyrnarfulltrúa og sérfræðinga í tengslum við starfsemi hópsins, í samræmi við gildandi ákvæði framkvæmdastjórnarinnar. Þeir skulu ekki fá greidd laun fyrir störf sín.

7. gr.

#### Gildistaka

Ákvörðun þessi gildir frá þeim degi sem hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Gjört í Brussel 24. október 2005.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Charlie McCREEVY

*framkvæmdastjóri.*